

Árangurskönnun Menning

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2018


Inngangur

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2018 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals 84 styrkþega og fengust svör frá 42 eða samtals 50% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 6.-22. október, sendar voru út tvær áminningar.


Flokkur verkefna og upphæð styrkveitingar

Þegar spurt var um hvaða flokki verkefnin tilheyra svöruðu því flestir að verkefnið tilheyrði flokki Tónlistar, þar á eftir kom flokkurinn Menningararfur/safnamál. Allir sem svöruðu könnuninni luku styrkveitingu með lokaskýrslu. Meirihluti verkefna hlutu styrk að vori 2018, algengustu styrkupphæðirnar voru á bilinu 251-500 þúsund.


Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?



Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Nokkuð jafnt var á þeim sem hlutu styrk að vori og hausti




Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




Árangur verkefnis

Áhugavert er að sjá að tæp 55% svara því til að þeir telji verkefnið ekki hefði orðið að veruleika ef styrkveiting hefði ekki fengist. Þeir sem héldu viðburð eða samkomu voru flestir að fá á bilinu 101-500 manns inná samkomuna og tæplega 95% styrkþega töldu árangur verkefnisins með tilliti til markmiða sjóðsins vera mjög góðan eða góðan.


Ef um viðburð/samkomu var að ræða,
hversu margir mættu?



Telur þú að verkefnið hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að "efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi"?




Árangur verkefnis

Þegar spurt er um mögulegt framhald á verkefninu telja 67% að svo verði. Tæp 55% telja að stærð og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna eða verkefna hverju sinni og 38% að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. Tæp 93% eru á þeirri skoðun að það eigi að vera tvær úthlutanir á ári, að vori og að hausti.


Telur þú mögulegt að framhald verði á verkefninu?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi?




Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




Ánægja styrkþega

Nokkuð mikil ánægja er meðal styrkþega. Rúm 95% eru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitingu á vegum SASS. 88% eru frekar eða mjög ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni og tæp 86% eru frekar eða mjög ánægðir með útgreiðslu styrkveitinga.


Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með styrkveitingu á vegum SASS?



Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?




Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



Stuðningsþjónusta

Niðurstöður eru afgerandi þegar spurt er um hvort þörf eru á aukinni stuðningsþjónustu við menningu og listir og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Fyrstu fjögur atriðin á listanum eru þau sömu og í fyrra og voru þá líka í þessari röð.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu- og listir á Suðurlandi?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta? (Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	38.10% 16
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	38.10% 16
▼ Aðstoð við markaðsmál	33.33% 14
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	21.43% 9
▼ Annað, þá hvað	Responses 19.05% 8
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	14.29% 6
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	11.90% 5
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbygginarsjóð	7.14% 3
▼ Aðstoð við útflutning	7.14% 3
▼ Aðstoð við verkefnastjórnun	7.14% 3
▼ Upplýsingaþjónusta	2.38% 1
Total Respondents: 42	

Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

Þakkir og virðing fyrir starfi SASS. Þakklæti fyrir alla sköpunina og menningarferðamenskuna sem SASS gerir kleift að dafni. Starfið stækkar Ísland í hugum margra erlendra ferðamanna og eflir okkar eigin vitund um styrk og dugnað, menningararf okkar og sögu og sjálfstæði. Megi sjóðnum farnast áfram sem best og stóru djúprættu verkefnum halda áfram að eflast og bera hróður okkar sem víðast á sama tíma og nýjungar og sprotar fá líka tækifæri.

Starfsemi okkar stendur og fellur með stuðningi.

Það þarf að finna leið til þess að framkvæma stór og metnaðarfull menningarverkefni út á landi og það vantar meiri stuðning og stærri upphæðir til að styðja við verkefnum.

Hef alltaf fengið góða aðstoð og fyrirgreiðslu!

Það væri gott að fá rökstuðning á bak við val/höfnun á umsóknum.

Þökkum fyrir stuðninginn

Þakklæti. Ég hélt myndlistanámskeið í íslenska bænum Austur Meðalholtum fyrir börn. Menningararfur og myndlist var innihald námskeiðsins og var ákaflega vel heppnað og gleðilegt að svo mörgu leyti. Ég er uppbyggingarsjóðnum innilega þakklát fyrir að hafa gert námskeiðið mögulegt.

Styrkumsóknarkerfið mætti vera betra, spurningarnar í umsóknarferlinu og ferlinu eftir styrkveitingu mætti endurskoða.

Mjög þakklátur fyrir þann styrk sem verkefnið fékk. Gerði gæfumuninn.

Kærar þakkir fyrir þá styrki og aðstoð sem nú þegar hefur hlotist fyrir ykkar tilstilli. Hlakka til að vinna að fleiri verkefnum á komandi árum og aftur þakkir fyrir ykkar frábæra starf.

Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára.

Almennt eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir.

Eins undanfarið ár er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru það sömu 4 flokkarnir sem standa upp úr, þeir eru: aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði, aðstoð við markaðsmál og handleiðsla og ráðgjöf.

Undanfarið ár hefur SASS unnið að nýrri ráðgjafasíðu sem verður komin upp á næstu vikum en þar verða enn ítarlegri upplýsingar og meiri fræðsla en verið hefur. Einnig hefur verið bætt við þeim möguleika að spjalla við ráðgjafa í spjallboxi á síðunni ásamt því að hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu SASS. Vonumst við til að þessir þættir ásamt fleirum sem verið er að vinna að hjá SASS verði til þess að mæta eftirspurn styrkþega hvað varðar meiri stuðningsþjónustu.